



Fundur í Epsilondeild 2.12.2017

Fundarstaður er Rauða húsið

Fundartími kl. 11:00

1. Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir setti fundinn.
2. Hólmfríður kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
3. Ingibjörg Þ. Þ. fór yfir mætingalistann. Það voru 13 konur mættar fyrir utan gest fundarins.
4. Vegna forfalla var fundargerð síðasta fundar ekki lesin og bíður hún því fram í janúar.
5. Erna Ingvarsdóttir var með „Orð til umhugsunar.“ Hún sagði okkur frá endurmenntunarnámskeiði sem hún fór á í HÍ. Þar lærði hún m.a. að skrá niður þrennt á dag sem hefur glatt hana þann daginn.
6. Halldóra Þorvarðardóttir prófastur – gestur fundarins var með hugleiðingu og sagði hún okkur frá Fjalla-Bensa sem varð svo söguhetjan í Aðventu Gunnars Gunnarssonar. Í framhaldi af hugleiðingu hennar ræddum við um góðverk af ýmsum toga. Guðríður Andegaard sagði okkur frá góðgerðardegi/-viku sem er í Grunnskólanum í Hveragerði og Ingibjörg Þ. sagði frá Hress í Hafnarfirði sem halda Hressileika einu sinni á ári til styrktar einstaklingum sem m.a. kljást við veikindi.
7. Happraðttið var á sínum stað og var það Gunnvör sem hreppti þennan fína vinning sem Kristín Sigfúsdóttir sendi.
8. Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Að fundi loknum var boðið upp á súpu, Sjávarrétt- eða humarsúpu og nýbakað brauð. Einnig var boðið upp á kaffi og te.

Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir ritaði í forföllum Sigfríðar.